

12. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar um endanlegan fullvirðisrétt, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. september 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

6. gr., b. stafliður, XIII. töluliður hljóði svo:
„Flunitrazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 30. mg. (Dæmi: Rohypnol 1 mg 30 töflur).“

2. gr.

6. gr., b stafliður, XIV. töluliður hljóði svo:
„Triazolamum. Hámarksmagn á lyfseðli 7,5 mg. (Dæmi: Halcion 0,125 mg 60 töflur; 0,25 mg 30 töflur).“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.